



Fornleifaskráning
vegna mats á umhverfisáhrifum
fyrirhugaðrar vegagerðar um
Bröttubrekkku, Mýrar- og Dalasýslu.



Bjarni F. Einarsson 1999

Forsíðumyndir sýnir megin rúst Axlarsels. Fyllir rústin út í forgrunn myndarinnar. Fornleifarnar eru utan við hið kannaða svæði og voru því ekki skráðar í þessari umferð. Ljósm. B.F.E.

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Desember 1999

Inngangur

Að beiðni Vegagerðarinnar kannaði undirritaður fyrirhugað vegastæði Vestfjarðavegar (60) um Bröttubrekku og umhverfi þess. A.m.k. 50 m breið skák var könnuð sin hvorum megin við veglínuna. Hið fyrirhugaða vegastæði nær frá Þjóðvegi 1 við Dalsmynni í Mýrarsýslu að Brúnkollugili í Suðurárdal í Dalasýslu, um 11 km vegalengd. Á syðri hluta vegakaflans, frá Þjóðveginum að Skútagili, eða á milli Stóragils og Skútagils, voru tvær hugmyndir að veglínu skoðaðar. Græn lína og Blá lína. Svæðið á milli þessara tveggja veglína var einnig kannað.

Farið var í gegn um helstu heimildir svo sem Sýslu- og sóknarlýsingar, Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Frásögur um fornaldarleifar, Árbók Hins íslenska fornleifafélags, Friðlýsingarskrá og heimildir á Örnefnastofnun (sjá nánar kaflann um heimildir í lok skýrslu).

Allar vegalínurnar, og svæðið á milli þeirra, voru kannaðar á vettvangi og gengið úr skugga um hvort og hve margar fornleifar kynnu að finnast á þeim eða við. Einnig voru vel flest efnistökusvæði (námur) könnuð, nema efnistökusvæði vestan við Bjarnardalsánnu (við Hvassafellssel og Ófærugil) og efnistökusvæði vestan við Smágil.

Vettvangsvinna fór fram á tímabilinu 16. – 23 október síðastliðinn. Hver staður fékk eitt númer og fornleifar, einar eða fleirri, fengu sitt undirnúmer. Þannig getur einn staður geymt einar eða fleirri fornleifar.

Umboðsmaður verkkaupa var Steinn L. Sveinsson Vegagerðinni, og umsjónarmaður verkkaupa Þóra Vala Haraldsdóttir Vegagerðinni. Eiríkur Jónsson, bóndi í Dalsmynni, veitti ýmsar gagnlegar og afgerandi upplýsingar um fornleifar á svæðinu. Kann ég þessum aðilum öllum kærar þakkir fyrir ánægjulegt samstarf.



Mynd 1. Sel? undir Litlagili. Hjá hömrunum rennur lækur úr gilinu. Horft til SA. Ljósm. B.F.E.

Fyrstu heimildir

Elsta samtímaheimildin um Dalsmynni er í Ísl. fornbréfasafni og er frá árinu 1257. Þar er Dalsmynniss getið í Máldaga Hvanneyrarkirkju (Ísl. fornbréfasafn 1857-76:591) og segir frá því að Sturla Þórðarson og Þorgils skarði hafi komið í Dalsmynni og gist þar aðfaranótt hins 11. september þetta ár.

Samkvæmt einni útgáfu Landnámu byggði Rauða-Björn fyrstur manna Dalsmynni (Íslendingabók – Landnáma 1968:87-89). Hann er einnig sagður hafa átt annað bú undir Mælifellsgili. Þessi bústaður er kallaður Aggettusel og er sagður vera í mynni Skjaldmeyjargils sem er stærsta gilið af þremur er heita Smágil (sjá kort). Þau eru næstu gil sunnan við Mælifellsgilið. Þarna eru hugsanlega rústir, sem þó hafa ekki fundist þrátt fyrir leit. Þessi staður var ekki kannaður nú, enda fyrir utan hið fyrirhugaða framkvæmdasvæði. Bóndinn í Dalsmynni benti á staðinn, þar sem hann er merktur inn á meðfylgjandi kort.

Skráningin

Á hinu kannaða svæði eru engar friðlýstar fornleifar, en skammt norðaustan við norður enda hinnar fyrirhuguðu veglínur er *Grettisbæli*, sem var friðlýst árið 1930. (Fornleifaskrá 1990:29 og Brynjúlfur

Jónsson 1894:31) Er það utan við hið kannaða svæði og ekki í nokkuri hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Staðurinn var ekki kannaður.

Skv. þjóðminjalögum frá 1990, með síðari breytingum, eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi fornleifanefndar (17. gr.). Því eru allar þær fornleifar á svæðinu, sem eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum.

Friðlýstum fornleifum fylgir 20 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra. Um friðaðar fornleifar gilda engin sérstök ávæði hvað þetta varðar. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðli þeirra og þarfa.

Samtals fundust á hinu kannaða svæði 14 staðir með fornleifum. Allir staðirnir, nema einn, geymdu aðeins eina rúst eða fornleifar. Samtals fundust 23 fornleifar á þessum stöðum.

Af þessum 14 stöðum teljast tveir hafa hátt minjagildi, 8 talsvert minjagildi og fjórir lítið minjagildi. Einn staðurinn, nr. 3, hefur hátt minjagildi, þó einstakar rústir staðarins teljist hafa talsvert eða lítið minjagildi. Gildi staðarins felst í heildinni. Á þessum stað leynast vafalaust fleirri rústir, svo sem bæjarhús, sem hljóta að hafa verið þarna (t.d. undir rúst 3:1). Við aðrar aðstæður, svo sem fyrr á árinu, meiri birtu o.sfrv. gætu þessar rústir komið í ljós.

Nr.	Teg.	Fj.	Hættumat	Hættu	Ástand	Aldur	Minjagildi	Friðlýst	Ábómerkja?
1:1	Rúst (beitarhús?)	1	Vegagerð	Mikil	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Mei
2:1	Sel?	2	Efnistaka	Mikil	Ágætt	1550-1900	Hátt	Nei	Já
3:1-9	Bæjarstaði	>9	Vegagerð	Mikil	Sæm.	1550-1900	Hátt	Nei	Já
3:1	Rúst (fjánhús?)	1	Vegagerð	Mikil	Ágætt	1900	Lítið	Nei	Nei
3:2	Rúst	1	Vegagerð	Mikil	Lélegt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
3:3	Gerði	1	Vegagerð	Mikil	Lélegt	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
3:4	Rúst	1	Vegagerð	Lítill	Sæm.	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
3:5	Rúst	1	Vegagerð	Lítill	Sæm.	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
3:6	Rúst	1	Vegagerð	Lítill	Sæm.	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
3:7	Túngarður	1	Vegagerð	Lítill	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
3:8	Rúst	1	Vegagerð	Lítill	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
3:9	Rúst	1	Vegagerð	Mikil	Lélegt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
4:1	Fornleið	1	Vegagerð	Mikil	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Já
5:1	Stekkur	1	Efnistaka	Mikil	Sæm	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
6:1	Rúst	1	Efnistaka	Mikil	Ágætt	1900	Lítið	Nei	Nei
7:1	Rúst (rétt)	1	Ekkert	Engin	Lélegt	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
8:1	Stekkur	1	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
9:1	Örnefni	1	Ekkert	Engin	-	1550-1900	Talsvert	Nei	Já
10:1	Áningastaður	1	Efnistaka	Mikil	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Já
11:1	Stekkur	1	Vegagerð	Mikil	Sæm.	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
12:1	Mógrafir	1	Vegagerð	Mikil	Ágætt	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
13:1	Rúst (hesthús)	1	Vegagerð	Lítill	Lélegt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
14:1	Rúst (fjós!)	1	Vegagerð	Lítill	Lélegt	1550-1900	Lítið	Nei	Nei

Tafla yfir hinar skráðu fornleifar.

Báðir staðirnir sem hafa hátt minjagildi eru í mikilli hættu vegna fyrirhugaðrar vegagerðar.

Tæpur helmingur fornleifanna voru í ágætu ástandi eða 10 stykki. Í sæmilegu ástandi voru sex, í lélegu ástandi sex fornleifar og einar voru ekki metnar (örnefnið nr. 9:1).

Í mikilli hættu vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda voru níu staðir með samtals 13 fornleifum. Í lítilli hættu voru þrjár staðir með sjö fornleifum og í engri hættu sömuleiðis þrjár staðir með þremur fornleifum.¹

Þó ekki séu neinar fornleifar taldar vera eldri en 1550 í fornleifaskrá, er mjög líklegt að undir sumum fornleifum kunni að leynast eldri minjar. Fornleiðin, nr. 4, kemur fyrir í Grettissögu og Sturlungu og það þýðir að leið hefur legið um dalinn fyrir 1550, allavega. Hvort og hvar hún lá nákvæmlega, verður ekki sagt með vissu, en hún gæti legið þar sem hún liggur nú, á kafla.

Engar fornleifar á svæðinu þykir ástæða til að friðlýsa sérstaklega.

Efnistökusvæði (námur)

Nokkur efnistökusvæði eru ráðgerð svo nálægt fornleifum að aðgerða er þörf (breyta efnistökusvæðinu, sleppa því eða rannsaka viðkomandi fornleifar).

Syðst á svæðinu er efnistökusvæði sem fer mjög nálægt fornleifum nr. 4 og 6. Mælt er með því að fara ekki nær fornleifum nr. 4, fornleiðinni, en 20 m. Fornleifar nr. 6 eru yngri en 1900 og njóta því ekki verndunar þjóðminjalaga, sé aldursgreiningin rétt.

Austan við Reiðskörð er fyrirhugað efnistökusvæði sem raska mun fornleifum nr. 4, 5 og jafnvel nr. 10. Mælt er með því að sleppa þessu svæði.

Fyrirhugað er að nota Gvendarklett í efni, en þá munu fornleifar nr. 4 og 10 raskast. Mælt er með því að sleppa efnistöku þarna.

Gegnt Gvendarletti, hinum megin við ána, er fyrirhugað að taka efni. Þar eru reiðgötur heim að Hvassafellsselli. Mælt er með því að sleppa þessari efnistöku.

Undir Litlagili er fyrirhugað efnistökusvæði. Það mun raska fornleifum nr. 2, sem eru í hæsta minjaflokki. Mælt er með því að sleppa efnistöku á staðnum.

Ef efni verður tekið úr fyrirhuguðu efnistökusvæði suður af Smágiljum, skulu hugsanlegar fornleifar Aggetusels hafðar í huga og hafa heimreið í núverandi vegi, sem þarna liggur um.

Sjá nánar fornleifaskrá.

¹ Staður nr. 3 er í heild sinni talinn í mikilli hættu, þó einstakar rústir séu sumar í mikilli hættu og aðrar í lítilli hættu. Því er þessi staður bæði talinn upp í mikilli hættu og lítilli hættu.

Niðurstaða

Alls fundust 14 staðir með 23 fornleifum á eða við hinar fyrirhuguðu veglínur um Bröttubrekku. Til að forðast röskun á fornleifum og komast hjá rannsókn á þeim, þarf að breyta veglínunni á nokkrum stöðum. Eins þarf að breyta efnistökusvæðum og hætta við sum þeirra ef komast á hjá röskun eða rannsókn fornleifa.

Mælt er með því að leggja nýjan veg í þann eldri, þar sem hann rýfur fornleiðina (nr. 4) á þremur stöðum. Við Litlagil, Skútagil og Axlargil.

Varast ber að hafa vinnuskúra eða efnisgeymslur of nálægt fornleifum og haga akstri þungavinnuvéla með tilliti til fornleifa.

Heimildir

Brynjúlfur Jónsson. „Grettisbæli í Sökkólfsdal.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1894*. Reykjavík 1894.

Byggðir Borgarfjarðar III. Mýrarsýsla og Borgarnes.

Búnaðarsamband Borgarfjarðar. Reykjavík 1993.

Dalsmynni. *Örnefnaskrá*. Örnefnastofnun.

Dalsmynni. Athugasemdir og viðbætur. *Örnefnaskrá*. Örnefnastofnun.

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd –

Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.

Íslendingabók – Landnámabók. Íslensk fornrit. I. bindi. Jakob

Benediktsson gaf út. Reykjavík 1968.

Íslenskt fornbréfasafn. Fyrsta bindi. Kaupmannahöfn 1857-76.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Sjöunda bindi.

Kaupmannahöfn 1940.

Sigurður Vigfússon. „Rannsókn í Borgarfirði 1884.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1884-85*. Reykjavík 1885.

Þjóðminjalög 1989, nr. 88, 29 maí. Með síðari breytingum.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Mýrasýsla	Norðurárdalshreppur	3603		1
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Dalsmynni				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	16.10.99	N 64°50.01 W 021°29.17		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Rúst (Beitarhús?)			1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Vegagerð	Mikil	Ágætt	1550-1900	-			Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Talsvert				Nei	Nei	-	

Legg og staðhættir

Ca. 80 m NNA af SA - horni brúar yfir Bjarnardalsá og ca. 4 m A af árfarveginum. Undir kletti á grasi grónum velli.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst (Beitarhús?).

7 x 7,5 m (NNA - SSV).


Veggir úr torfi og grjóti, 1 - 2 m breiðir og 0,4 - 0,6 m háir. Tvö hólf eru á rústinni (A og B). Dyr eru á hólfi A til austurs og á hólfi B til vesturs. Í hólfi B, utanverðu, er stór steinn.

Austan við rústina er nokkuð af grjóti, þó ekki úr rústinni.

Rústin er nokkuð þýfð og vel gróin.

Vestan við rústina gætu leynst leifar af veggjum, annaðhvort úr rústinni eða úr eldri rúst.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Rústin mun eyðileggjast að óbreyttu. Því þarf að færa veginn eða rannsaka rústina, með leyfi og vitund viðeigandi aðila.

Skammt austan við rústina er óljós gamall vegur, sem fer yfir ánnu aðeins norðar. Þar er því vað, sem ekki

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Mýrasýsla	Norðurárdalshreppur	3603		2
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Dalsmynni				1


Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	16.10.99	N 64°48.59 W 021°28.09		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Sel?			2				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Efnistaka	Mikil	Ágætt	1550-1900	-			Já
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Hátt				Nei	Nei	-	

Legg og staðhættir

6 m austan við hæl eða stiku merkt 4050. Ca. 10 m VNV af litlum fossi í læk (sem rennur úr Litla Gili), sem rennur ca. 2 m S af aðalrústinni. Grasi gróin brekkurót.

Heimildir og munnmæli



Lýsing

Sel?

Rúst 1.

7 x 11 m (NV - SA). Veggir úr torfi (og grjóti), 1 - 1,5 m breiðir og 0,2 - 0,7 m háir. Sennilega hafa fjögur hólf verið í rústinni (A - D). Dyr eru á hólfi A inn í hólfi B og á hólfum C og D eru dyr út úr rústinni til vesturs.

Rústin er vel gróin.


Rúman metra vestur af rústinni virðast geta verið veggja- eða garðsbrot.

Ca. 2 m NV af rúst nr. 1 er rúst nr. 2:

Rúst 2.

Nánast hringlaga, ca. 3 m í þvermál. Veggir úr torfi (og grjóti), ca. 0,5 - 1 m breiðir og 0,1 - 0,3 m háir. Dyr snúa mót SV. Rústin er grafin inn í brekkuna.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Rústin mun eyðileggjast að óbreyttu. Því þarf að færa veginn eða rannsaka rústina, með leyfi og vitund viðeigandi aðila.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Nív. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Mýrasýsla	Norðurárdalshreppur	3603		3
Landareign	MÍ:Nr	Heiti	Undirnr.	
Dalsmynni		Stekkurinn		1-9

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	17.10.99	-		-	-

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Bæjarstaði			>9				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Vegagerð	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	-			Já
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Hátt				Nei	Nei	-	

Legg og staðhættir

Ca. 30 m A af þjóðvegi. Á hrygg og í grasi grónu dalverpi undir lágum stelli í fjalshlíð. Í úthaga.

Heimildir og munnmæli

Dalsmynni. Örnefnaskrá. Ari Gíslason skráði.
Örnefnastofnun.
Dalsmynni. Athugasemdir og viðbætur.
Örnefnaskrá. Örnefnastofnun.

Lýsing

Bæjarstaði.

Á ca. 50 x 100 m stóru svæði (N - S). Rúst nr. 1 er áberandi yngri en aðrar rústir og hefur sennilega ekki tilheyrt æviskeiði annara rústa. Þó örnefnið Stekkurinn bendi til að þarna hafi stekkur verið forðum eru rústirnar svo margar og þesslegar að þarna hlýtur kotbýli að hafa staðið einhvern tíman, þó ekki hafi það ratað í heimildir. Vel gæti hugsast að hér hafi staðið sel, sem breyttist í hjáleigu, eða öfugt. Gíska ég á að yngsta rústin (nr. 1) standi ofan á bæjarrústunum.

Ekki var leitað allra rústa, sökum þess hve erfitt var um vik vegna þýfis og sinu. M.a. sáust ummerki um fleiri túngarða (utan um rústir nr. 3 - 8) og rústabrot sem ekki voru skráð sérstaklega.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Þær rústir sem næstar standa hinum fyrirhugaða vegi munu eyðileggjast að óbreyttu. Því þarf að færa veginn eða rannsaka viðkomandi rústir, með leyfi og vitund viðeigandi aðila.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Mýrasýsla	Norðurárdalshreppur	3603		3
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Dalsmynni		-		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	17.10.99	N 64°48.49 W 021°28.08		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Rúst (fjárhús?)			1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Vegagerð	Mikil	Ágætt	1900-	-			Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið				Nei	Nei	-	

Legg og staðhættir

Ca. 30 - 40 m ASA af stiku merktri 3750.
Ca. 60 m ASA af malarvegi, efst á hrygg. Vel gróinn og þýfður úthagi.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst (fjárhús?).

9 x 10 m (NA - SV).

Veggir úr torfi og grjóti, 1 - 2 m breiðir og 0,3 - 0,6 m háir.


Að minnsta kosti tvö hólf eru á rústinn (A og B).

Dyr eru á hólfi A til suðvesturs og á hólfi B til norðvesturs. Einstaka steinar eru á vegg á milli hólfa sbr. teikningu.

Rústin er þýfð og vel gróin. Trúlega eru eldri rústir undir.

3 m VSV frá rúst nr. 1 er rúst nr. 2.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Rústin gæti skaðast vegna vegagerðar. Sýna þarf ýtrustu varkárni til að koma í veg fyrir slíkt. Sé það ekki hægt þarf að rannsaka rústina eða færa veginn, með leyfi og vitund viðeigandi aðila.

Fornleifaskrá

<i>Sýsla</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Núv. sveitarfél.</i>	<i>Hverfi</i>	<i>Aðalnr.</i>
Mýrasýsla	Norðurárdalshreppur	3603		3
<i>Landareign</i>	<i>MÍ:Nr</i>	<i>Heiti</i>		<i>Undirnr.</i>
Dalsmynni		-		2

<i>Skrásetjari</i>	<i>Dags.</i>	<i>GPS Staðsetning</i>	<i>Viðmiðun</i>	<i>M.y.s.</i>	<i>Skekkja</i>
Bjarni F. Einarsson	17.10.99	N 64°48.50 W 021°28.12		-	<10

<i>Tegund minja</i>	<i>Tilgáta/Niðurstaða</i>	<i>Verk</i>	<i>Fjöldi</i>				
Rúst			1				
<i>Hættumat</i>	<i>Hætta</i>	<i>Ástand</i>	<i>Aldur</i>	<i>Í eyði</i>	<i>Tímab. hættumat</i>	<i>Tímab. hætta</i>	<i>Á kort?</i>
Vegagerð	Mikil	Lélegt	1550-1900	-			Nei
<i>Minjagildi</i>	<i>Einkunn</i>	<i>Varðveislugildi</i>	<i>Einkunn 2</i>	<i>Friðlýsa?</i>	<i>Friðlýst?</i>	<i>Hvenær</i>	
Talsvert				Nei	Nei	-	

Legg og staðhættir

3 m VSV af rúst nr. 1.
Ca. 60 m ASA af malarvegi, efst á hrygg. Vel gróinn og þýfður úthagi.


Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst.

4,5 x 5 m (NNA - SSV).
Veggir úr torfi og grjóti, 1 - 1,5 m breiðir og 0,3 - 0,4 m háir.
Dyr snúa hugsanlega til austurs.
Rústin er vel gróin og þýfð. Nokkuð ógreinileg.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Rústin gæti skaðast vegna vegagerðar. Sýna þarf ýrstrustu varkárni til að koma í veg fyrir slíkt. Sé það ekki hægt þarf að rannsaka rústina, með leyfi og vitund viðeigandi aðila, eða færa veginn.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Mýrasýsla	Norðurárdalshreppur	3603		3
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Dalsmynni		-		3

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	17.10.99	N 64°48.51 W 021°28.09		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Gerði			1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Vegagerð	Mikil	Lélegt	1550-1900	-			Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið				Nei	Nei	-	

Legg og staðhættir

17 m NNA af rúst nr. 1. Í kvos eða dalverpi undir lágum stalli í fjalshlið.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Gerði.

6 x 9 m (N - S).

Veggir úr torfi, 1 m breiðir og 0,1 - 0,4 m háir.

Rústin er vel gróin og þýfð og afar ógreinileg.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Rústin gæti skaðast vegna vegagerðar. Sýna þarf ýrustu varkárni til að koma í veg fyrir slíkt. Sé það ekki hægt þarf að rannsaka rústina, með leyfi og vitund viðeigandi aðila, eða færa veginn.

Fornleifaskrá

<i>Sýsla</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Núv. sveitarfél.</i>	<i>Hverfi</i>	<i>Aðalnr.</i>
Mýrasýsla	Norðurárdalshreppur	3603		3
<i>Landareign</i>	<i>MÍ:Nr</i>	<i>Heiti</i>		<i>Undirnr.</i>
Dalsmynni		-		4

<i>Skrásetjari</i>	<i>Dags.</i>	<i>GPS Staðsetning</i>	<i>Viðmiðun</i>	<i>M.y.s.</i>	<i>Skekka</i>
Bjarni F. Einarsson	17.10.99	N 64°48.51 W 021°28.05		-	<10

<i>Tegund minja</i>	<i>Tilgáta/Niðurstaða</i>	<i>Verk</i>	<i>Fjöldi</i>				
Rúst			1				
<i>Hættumat</i>	<i>Hætta</i>	<i>Ástand</i>	<i>Aldur</i>	<i>Í eyði</i>	<i>Tímab. hættumat</i>	<i>Tímab. hætta</i>	<i>Á kort?</i>
Vegagerð	Lítill	Sæmilegt	1550-1900	-			Nei
<i>Minjagildi</i>	<i>Einkunn</i>	<i>Varðveislugildi</i>	<i>Einkunn 2</i>	<i>Friðlýsa?</i>	<i>Friðlýst?</i>	<i>Hvenær</i>	
Talsvert				Nei	Nei	-	

Lega og staðhættir

Ca. 30 m A af rúst nr. 1, á litlum grasi grónum hól undir grasi grónni brekku í úthaga.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst.

4 x 5 m (ANA - VSV).


Veggir úr torfi og (grjóti), ca. 1,5 m breiðir og 0,2 - 0,6 m háir.

Dyr hugsanlega til suðurs.

Rústin er vel gróin og þýfð og afar ógreinileg.

Ca. 1 m ANA af rúst nr. 4 er rúst nr. 5.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Rústin ætti ekki að skaðast vegna vegagerðar, en sé ekki hægt að tryggja öryggi hennar þarf að rannsaka hana, með leyfi og vitund viðeigandi aðila.

Fornleifaskrá

<i>Sýsla</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Nív. sveitarfél.</i>	<i>Hverfi</i>	<i>Aðalnr.</i>
Mýrasýsla	Norðurárdalshreppur	3603		3
<i>Landareign</i>	<i>MÍ:Nr</i>	<i>Heiti</i>		<i>Undirnr.</i>
Dalsmynni		-		5

<i>Skrásetjari</i>	<i>Dags.</i>	<i>GPS Staðsetning</i>	<i>Viðmiðun</i>	<i>M.y.s.</i>	<i>Skekkja</i>
Bjarni F. Einarsson	17.10.99	N 64°48.53 W 021°28.05		-	<10

<i>Tegund minja</i>	<i>Tilgáta/Niðurstaða</i>	<i>Verk</i>	<i>Fjöldi</i>				
Rúst			1				
<i>Hættumat</i>	<i>Hætta</i>	<i>Ástand</i>	<i>Aldur</i>	<i>Í eyði</i>	<i>Tímab. hættumat</i>	<i>Tímab. hætta</i>	<i>Á kort?</i>
Vegagerð	Lítill	Sæmilegt	1550-1900	-			Nei
<i>Minjagildi</i>	<i>Einkunn</i>	<i>Varðveislugildi</i>	<i>Einkunn 2</i>	<i>Friðlýsa?</i>	<i>Friðlýst?</i>	<i>Hvenær</i>	
Talsvert				Nei	Nei	-	

Legg og staðhættir

Ca. 1 m ANA af rúst nr. 4, undir grasi grónni brekku í úthaga.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst.

5 x 5 m (ANA - VSV).


Veggir úr torfi (og grjóti), ca. 1 m breiðir og 0,2 - 0,4 m háir.

Dyr eru á rústinni til vesturs.

Rústin er vel gróin og þýfð og mjög ógreinileg.

Út úr NA - horni hennar gengur garður í átt að rúst nr. 6, ca. 3 m A af rúst nr. 5.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Rústin ætti ekki að skaðast vegna vegagerðar, en sé ekki hægt að tryggja öryggi hennar þarf að rannsaka hana, með leyfi og vitund viðeigandi aðila.

Fornleifaskrá

<i>Sýsla</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Núv. sveitarfél.</i>	<i>Hverfi</i>	<i>Aðalnr.</i>
Mýrasýsla	Norðurárdalshreppur	3603		3
<i>Landareign</i>	<i>MÍ:Nr</i>	<i>Heiti</i>		<i>Undirnr.</i>
Dalsmynni		-		6

<i>Skrásetjari</i>	<i>Dags.</i>	<i>GPS Staðsetning</i>	<i>Viðmiðun</i>	<i>M.y.s.</i>	<i>Skekkja</i>
Bjarni F. Einarsson	17.10.99	N 64°48.51 W 021°28.10		-	<10

<i>Tegund minja</i>	<i>Tilgáta/Niðurstaða</i>	<i>Verk</i>	<i>Fjöldi</i>				
Rúst			1				
<i>Hættumat</i>	<i>Hætta</i>	<i>Ástand</i>	<i>Aldur</i>	<i>Í eyði</i>	<i>Tímab. hættumat</i>	<i>Tímab. hætta</i>	<i>Á kort?</i>
Vegagerð	Lítill	Sæmilegt	1550-1900	-			Nei
<i>Minjagildi</i>	<i>Einkunn</i>	<i>Varðveislugildi</i>	<i>Einkunn 2</i>	<i>Friðlýsa?</i>	<i>Friðlýst?</i>	<i>Hvenær</i>	
Talsvert				Nei	Nei	-	

Legg og staðhættir

Ca. 3 m A af rúst nr. 5 undir grasi grónni brekku í úthaga.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst.

5 x 9 m (N - S).

Veggir úr torfi (og grjóti), 1 - 1,5 m breiðir og 0,2 - 0,5 m háir.


Tvö hólfi eru á rústinni (A og B). Dyr eru á hólfi A til suðurs og hugsanleg inn í hólfi B. Á hólfi B eru dyr út til vesturs.

Rústin er áföst túngarði (nr. 7) og er A - veggurinn sjálfur túngarðurinn. Garðurinn heldur áfram eitthvað til norðurs og talsvert lengra til suðurs.

Rústin er vel gróin.

Gerði?

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Rústin ætti ekki að skaðast vegna vegagerðar, en sé ekki hægt að tryggja öryggi hennar þarf að rannsaka hana, með leyfi og vitund viðeigandi aðila.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Nív. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Mýrasýsla	Norðurárdalshreppur	3603		3
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Dalsmynni		-		7

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	17.10.99	-		-	-

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Túngarður			1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Vegagerð	Lítill	Ágætt	1550-1900	-			Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Talsvert				Nei	Nei	-	

Legg og staðhættir

Í grasi grónni brekku, áfastur rúst nr. 6. Garðurinn liggur frá læk í suðri upp á lágan hól og svo þaðan niður brekku að öðrum hól. Úthagi.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Túngarður.

Að minnsta kosti 40 m langur (að mestu í N - S). Úr torfi, 1,5 - 2 m breiður og 0,2 - 0,4 m hár. 25 m frá suðurendanum beygir garðurinn til vesturs og endar þar við hól.

Auk rústar nr. 6 er rúst nr. 8 áföst túngarðinum, 4 m frá suður enda hans.

Garðurinn er vel gróinn og ógreinilegur á norðurkafla.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Rústin ætti ekki að skaðast vegna vegagerðar, en sé ekki hægt að tryggja öryggi hennar þarf að rannsaka hana, með leyfi og vitund viðeigandi aðila.

Fornleifaskrá

<i>Sýsla</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Núv. sveitarfél.</i>	<i>Hverfi</i>	<i>Aðalnr.</i>
Mýrasýsla	Norðurárdalshreppur	3603		3
<i>Landareign</i>	<i>MÍ:Nr</i>	<i>Heiti</i>		<i>Undirnr.</i>
Dalsmynni		-		8


<i>Skrásetjari</i>	<i>Dags.</i>	<i>GPS Staðsetning</i>	<i>Viðmiðun</i>	<i>M.y.s.</i>	<i>Skekkja</i>
Bjarni F. Einarsson	17.10.99	N 64°48.51 W 021°28.10		-	<10

<i>Tegund minja</i>	<i>Tilgáta/Niðurstaða</i>	<i>Verk</i>	<i>Fjöldi</i>				
Rúst			1				
<i>Hættumat</i>	<i>Hætta</i>	<i>Ástand</i>	<i>Aldur</i>	<i>Í eyði</i>	<i>Tímab. hættumat</i>	<i>Tímab. hætta</i>	<i>Á kort?</i>
Vegagerð	Lítill	Ágætt	1550-1900	-			Nei
<i>Minjagildi</i>	<i>Einkunn</i>	<i>Varðveislugildi</i>	<i>Einkunn 2</i>	<i>Friðlýsa?</i>	<i>Friðlýst?</i>	<i>Hvenær</i>	
Talsvert				Nei	Nei	-	

Legg og staðhættir

4 m norður af S - enda túngarðs (nr. 7) og ca. 8 m N af læk í grasi grónum hvammi. Í úthaga.

Heimildir og munnmæli



Lýsing

Rúst.

4 x 5 m (N - S).

Veggir úr torfi, 1 m breiðir og 0,2 - 0,4 m háir.


Dyr snúa mót S.

Rústin er áföst túngarði (nr. 7) og er hann sjálfur A - veggurinn.

Rústin er vel gróin.

Gerði?

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Rústin ætti ekki að skaðast vegna vegagerðar, en sé ekki hægt að tryggja öryggi hennar þarf að rannsaka hana, með leyfi og vitund viðeigandi aðila.

Fornleifaskrá

<i>Sýsla</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Núv. sveitarfél.</i>	<i>Hverfi</i>	<i>Aðalnr.</i>
Mýrasýsla	Norðurárdalshreppur	3603		3
<i>Landareign</i>	<i>MÍ:Nr</i>	<i>Heiti</i>		<i>Undirnr.</i>
Dalsmynni		-		9

<i>Skrásetjari</i>	<i>Dags.</i>	<i>GPS Staðsetning</i>	<i>Viðmiðun</i>	<i>M.y.s.</i>	<i>Skekka</i>
Bjarni F. Einarsson	17.10.99	N 64°48.50 W 021°28.10		-	<10

<i>Tegund minja</i>	<i>Tilgáta/Niðurstaða</i>	<i>Verk</i>	<i>Fjöldi</i>				
Rúst			1				
<i>Hættumat</i>	<i>Hætta</i>	<i>Ástand</i>	<i>Aldur</i>	<i>Í eyði</i>	<i>Tímab. hættumat</i>	<i>Tímab. hætta</i>	<i>Á kort?</i>
Vegagerð	Mikil	Lélegt	1550-1900	-			Nei
<i>Minjagildi</i>	<i>Einkunn</i>	<i>Varðveislugildi</i>	<i>Einkunn 2</i>	<i>Friðlýsa?</i>	<i>Friðlýst?</i>	<i>Hvenær</i>	
Talsvert				Nei	Nei	-	

Legg og staðhættir

6 m A af stiku merktri 3800. Við kannt á hrygg, ca. 7 m N af lækjarsytru. 36 m ANA af rúst nr. 1. Í úthaga.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst.


4 x 5 m (N - S).

Veggir úr torfi, 1 m breiðir og 0,2 - 0,6 m háir.

Dyr snúa mót N.

Rústin er vel gróin og þýfð og frekar ógreinileg.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Rústin mun eyðileggjast að óbreyttu. Því þarf að færa veginn eða rannsaka rústina, með leyfi og vitund viðeigandi aðila.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Mýrasýsla	Norðurárdalshreppur	3603		4
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Dalsmynni		Brattabrekka		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	17.10.99	-		-	-

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Fornleið			1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Vegagerð	Mikil	Ágætt	1550-1900	-			Já
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Talsvert				Nei	Nei	-	

Legg og staðhættir

Syðst er leiðin skammt austur af Bjarnardalsá, á milli núverandi þjóðvegur og árinna. Leiðin liggur alveg við malarveginn við Litlagil (greinileg ca. 10 m frá veginu). og frá Axlargili liggur leiðin rétt fyrir ofan (austan) þjóðveginn og heldr svo áfram að Bröttubrekku sjálfri. Í úthaga.

Lýsing

Fornleið.

Leiðin er ca. 1,8 km m löng þar sem hún var skoðuð sérstaklega frá Bjarnardalsá að Litlagili. Hún liggur frá Bjarnardalsá, þar sem það er á henni við suður enda Reiðskarða, fram dalinn og heldur sig nálægt ánni allavega að Litlagili. Borið hefur verið grjót í kafla á leiðinni og sjá má grjót við vegkantana á stöku stað. Sérstaklega á þetta við leiðina þar sem hún liggur með Reiðskörðum, en þau eru austan við leiðina sjálfa. Þar má einnig sjá á einum stað slit í klöppina vegna umferðar hesta og manna (sjá efri ljósmynd). Skammt norður af Reiðskörðum, á mótis við Gvendarklett og áningastað (nr. 10), kemur þar önnur leið frá Dalsmynni og sameinast leiðinni frá Bjarnardalsá. Hún er hlaðin upp þar sem hún gengur yfir mýri, rétt fyrir sameininguna.

Leiðin sést vel við mógrafirnar (nr. 12), en þar eru hún hlaðin upp. Leiðin er rofin á þremur stöðum af núverandi þjóðvegi og þegar kemur að Axlargili (nyrsta rofið) liggur hún austan við þjóðveginn og þar hefur leiðin verið rudd fyrir bifreiðar og liggur

Athugasemdir

Leiðin mun hugsanlega eyðileggjast á köflum að óbreyttu (bæði vegna vegagerðar og námu). Verði ekki hjá því komist að skaða leiðina þyrfti að teikna hana alla fram dalinn og ljósmynda og setja hana inn á loftljósmynd í mælikvarðanum 1:2 000 og geyma á Þjóðminjasafni Íslands.

Heimildir og munnmæli

Brynjúlfrur Jónsson. „Grettisbæli í Sökkólfsdal.“ Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1894. Reykjavík 1894:30.
Sigurður Vigfússon. „Rannsókn í Borgarfirði 1884.“ Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1884-85. Reykjavík 1885:81 og 118.
Dalsmynni. Örnefnaskrá. Örnefnastofnun.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Nív. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Mýrasýsla	Norðurárdalshreppur	3603		5
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Dalsmynni		-		1


Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	18.10.99	N 64°48.50 W 021°28.10		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Stekkur			1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Efnistaka	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	-			Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Talsvert				Nei	Nei	-	

Legg og staðhættir

Undir hamri í smágili er heitir Klaufin. Gilið liggur upp úr Reiðskörðum ca. 170 m NV af núverandi malarvegi. Í úthaga.

Heimildir og munnmæli



Lýsing

Stekkur.


3,5 x 8 m (NNV - SSA).

Veggir úr grjóti, 0,3 - 1,2 m breiðir og 0,1 - 0,2 m háir.

Tvö hólf eru á stekknunum (A og B). Dyr eru á hólfi B til N. Botn er vel gróin. Í hólfi A austanverðu er stór steinn. Hólf B er lambakró?

Vesturhliðin er sjálfur hamarinn.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Rústin mun eyðileggjast að óbreyttu. Því þarf að færa efnistökusvæðið (eða hætta við, sem er betri kostur vegna allra minjanna í nágrenninu, nr. 4,5 og 10) eða rannsaka rústina, með leyfi og vitund viðeigandi aðila. Rústin er einnig í nokkuri hættu vegna vegagerðar (græna leiðin) og ef ekki er hægt að tryggja

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Nív. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Mýrasýsla	Norðurárdalshreppur	3603		6
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Dalsmynni		-		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	18.10.99	N 64°48.06 W 021°28.25		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Rúst			1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Efnistaka	Mikil	Ágætt	1900-	-			Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið				Nei	Nei	-	

Legg og staðhættir

Ca. 30 m A af stiku merktri 2250. V undir háum hamri (Hamrinum) og við girðingu að austanverðu. Í túnjaðri.

Heimildir og munnmæli

Skv. ábúanda að Dalsmynni, Geir Jónssyni, var hér rétt og man hann vel eftir henni í notkun.

Lýsing

Rúst.


6 x 8 m (ANA - VSV).

Veggir úr grjóti og torfi, 1 - 1,2 m breiðir og 0,6 - 1 m háir. Op eða hlið er á mótí vestri.

Veggurinn er að hluta gróinn (A - hlutinn), en að hluta ógróinn.

Við V - horn virðist veggurinn beygja til suðurs, en þar er nýlegur túngarður (með girðingu ofan á), sem settur hefur verið yfir rústina.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Rústin ætti ekki að skaðast vegna vegagerðar, en fyrirhuguð náma er svo nærri að hún gæti skaðað rústina. Sé ekki hægt að tryggja öryggi hennar þarf að breyta námusvæðinu eða rannsaka hana, með leyfi og vitund viðeigandi aðila.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Nív. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Mýrasýsla	Norðurárdalshreppur	3603		7
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Dalsmynni		-		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	18.10.99	N 64°48.06 W 021°28.15		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Rúst (rétt)			1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert	Engin	Lélegt	1550-1900				Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið				Nei	Nei	-	

Legg og staðhættir

Sunnan undir hamri (Hamrinum), við jaðar túns. Ofan við rústina er lítið skarð í hamarinn og þar upp eru áberandi fjárgötur. Í rústinni stendur rafmagnsstaur.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst (rétt).

Réttin var sléttuð upp úr 1961. Má sjá leifar af henni á ca. 15 x 30 m stóru svæði. Austast á svæðinu má greina vegg eða garð sem gengur út frá Hamrinum til suðurs. Er hann vel gróinn. Vestast á svæðinu eru steinahrúgur sem greinilega eru hluti af mannvirki

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Rústin ætti ekki að skaðast vegna vegagerðar, en sé ekki hægt að tryggja öryggi hennar þarf að rannsaka hana, með leyfi og vitund viðeigandi aðila.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Nív. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Mýrasýsla	Norðurárdalshreppur	3603		8
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Dalsmynni		-		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	18.10.99	N 64°48.04 W 021°28.20		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Stekkur			1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert	Engin	Sæmilegt	1550-1900				Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Talsvert				Nei	Nei	-	

Legg og staðhættir

Undir hamri (Hamrinum), við jaðar túns, ca. 40 m A af rúst nr. 6.

Heimildir og munnmæli



Lýsing

Stekkur.

5 x 6 m (NA - SV).


Veggir úr grjóti og torfi, ca. 1,2 m breiðir og 0,2 - 0,4 m háir. V - veggurinn er klettur.

Rústin er uppi í brekkunni, neðarlega, og hallar nokkuð til suðurs.

Dyr snúa mót SV.

Rústin er vel gróin.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

--

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Nív. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Mýrasýsla	Norðurárdalshreppur	3603		9
Landareign	MÍ:Nr	Heiti	Undirnr.	
Dalsmynni		Gálgi		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	18.10.99	N 64°48.18 W 021°28.54		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Örnefni			1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert	Engin	-	1550-1900				Já
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Talsvert				Nei	Nei	-	

Legg og staðhættir

Austan við Bjarnardalsá, skammt vestur af Reiðskörðum. Klettur.

Heimildir og munnmæli

Dalsmynni. Örnefnaskrá. Örnefnastofnun.

Lýsing

Örnefni.

Ekki er vitað til þess að munnmæli hafi varðveist um örnefni þetta.

Kletturinn, sem heitir Gálgi, er áberandi, ca. 12 - 15 m hár þar sem hann er hæstur að NV verðu. Þar er skora í klettinn með þverhnýptum hliðum beggja megin.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

--

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Nív. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Mýrasýsla	Norðurárdalshreppur	3603		10
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Dalsmynni				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	18.10.99	N 64°48.31 W 021°28.26		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Áningastaður							
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Efnistaka	Mikil	Ágætt	1550-1900				Já
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Talsvert				Nei	Nei	-	

Legg og staðhættir

Suðvestan undir Gvendarklett, við Bjarnardalsá. Grasi grónir og þýfðir móar og mýri.

Heimildir og munnmæli

Dalsmynni. Örnefnaskrá. Örnefnastofnun.

Lýsing

Áningastaður.

Staðurinn er austan megin við Bjarnardalsá, við vegamót þar sem Brattabrekka kemur ofan dalinn og skitpir sér í leiðina heim að Dalsmynni og leiðina til Ystafells. Sunnan við áningastaðinn taka reiðskörð við.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Staðurinn ætti ekki að skaðast vegna vegagerðar. Hann er hins vegar í mikilli hættu vegna fyrirhugaðrar námu og verði hún að veruleika þarf að rannsaka staðinn á einhvern hátt (prufuholur, málmleitartæki, jarðsjá o.fl.), með leyfi og vitund viðeigandi aðila.

Fornleifaskrá

<i>Sýsla</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Núv. sveitarfél.</i>	<i>Hverfi</i>	<i>Aðalnr.</i>
Mýrasýsla	Norðurárdalshreppur	3603		11
<i>Landareign</i>	<i>MÍ:Nr</i>	<i>Heiti</i>	<i>Undirnr.</i>	
Dalsmynni		Fornistekkur?	1	

<i>Skrásetjari</i>	<i>Dags.</i>	<i>GPS Staðsetning</i>	<i>Viðmiðun</i>	<i>M.y.s.</i>	<i>Skekkja</i>
Bjarni F. Einarsson	18.10.99	N 64°48.28 W 021°28.15		-	<10

<i>Tegund minja</i>	<i>Tilgáta/Niðurstaða</i>	<i>Verk</i>	<i>Fjöldi</i>				
Stekkur			1				
<i>Hættumat</i>	<i>Hætta</i>	<i>Ástand</i>	<i>Aldur</i>	<i>Í eyði</i>	<i>Tímab. hættumat</i>	<i>Tímab. hætta</i>	<i>Á kort?</i>
Vegagerð	Mikil	Sæmilegt	1550-1900				Nei
<i>Minjagildi</i>	<i>Einkunn</i>	<i>Varðveislugildi</i>	<i>Einkunn 2</i>	<i>Friðlýsa?</i>	<i>Friðlýst?</i>	<i>Hvenær</i>	
Talsvert				Nei	Nei	-	

Legg og staðhættir

Sunnan undir stórum steini sem liggur vestan undir hömrum eða klettum (Fornastekksklettum). Við jaðar mýrar.

Heimildir og munnmæli

Dalsmynni. Örnefnaskrá. Örnefnastofnun.

Lýsing

Stekkur.

4 x 6,5 m (VNV - ASA).

Veggir úr grjóti, 0,6 - 1 m breiðir og 0,1 - 0,2 m háir. Dyr snúa mót NV.

N - hliðin er stór steinn, sem liggur rétt fyrir neðan hamrana. Stekkurinn liggur dálítið upp í brekkuna.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Rústin mun sennilega eyðileggjast að óbreyttu. Því þarf að færa veginn frá eða rannsaka rústina, með leyfi og vitund viðeigandi aðila.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Mýrasýsla	Norðurárdalshreppur	3603		12
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Dalsmynni		-		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	18.10.99	N 64°49.13 W 021°28.36		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Mógrafir			1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Vegagerð	Mikil	Ágætt	1550-1900				Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið				Nei	Nei	-	

Lega og staðhættir

Ca. 3 m vestan við núverandi þjóðveg, í myri (Mógrafarmýri).

Heimildir og munnmæli

Dalsmynni. Örnefnaskrá. Örnefnastofnun.

Lýsing

Mógrafir.

Á ca. 20 x 50 m stóru svæði (N - S).

Sér vel móta fyrir gröfunum, sem mynda eina stóra heild eða gröf. Skv. bóndanum í Dalsmynni voru mógrafirnar allt að mannhæðar djúpar og hann man einnig eftir mótekju SA megin við veginn.

Vatn hefur verið leitt úr mógröfunum út um ræsi eða skurð í NV horni.

Nú eru mógrafirnar vaxnar hundasúru sem gefur rauðleitan lit á haustin.

Gamli þjóðvegurinn (nr. 4) liggur fast upp við mógrafirnar, austan megin. Er hann upp hækkaður og vel gróinn á þessum kafla.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Mógrafirnar munu sennilega eyðileggjast að hluta að óbreyttu. Rannsóknar er varla þörf, en sækja þarf um leifi fornleifanevndar og álit Þjóðminjasafns Íslands verði ekki hægt að komast hjá raski.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Nív. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Mýrasýsla	Norðurárdalshreppur	3603		13
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Dalsmynni		-		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	18.10.99	N 64°48.10 W 021°28.14		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Rúst (hesthús)			1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Vegagerð	Lítill	Lélegt	1550-1900				Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Talsvert				Nei	Nei	-	

Legg og staðhættir

Ca. 12 m SA af horni húss og ca. 15 m V af þjóðvegi. Ca. 20 m NA af stiku merktri 2350. Í hallandi túni.

Heimildir og munnmæli

Hér var hesthús skv. Geir Jónssyni, bónda í Dalsmynni.

Lýsing

Rúst (hesthús).

11 x 18 m (NNV - SSA).

Rústin er sléttuð, en þó sést að þarna hefur hús staðið. Rústin er vel gróin. Hugsanlega eru þarna nokkrar kynslóðir húsa.

Ca. 20 m NV af rústinni virðast vera yfirslettúð rústabrot (í veglínu!).

Ca. 60 m S af hesthúsinu gæti önnur yfirslettúð rúst eða rústir verið, aðeins 7 m SV af stiku merktri 2300.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Hesthúsið gæti eyðilagst að óbreyttu. Sé ekki hægt að tryggja öryggi þess þarf rannsókn, með leyfi og vitund viðeigandi aðila. Ef vegurinn verður lagður við hinar meintu rústir skammt frá þarf annaðhvort tveggja, prufuholugróft til að staðfesta eða eyða grun, eða hafa fornleifafræðing viðstaddan þegar jarðrask

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Mýrasýsla	Norðurárdalshreppur	3603		14
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Dalsmynni		Fjóshóll		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	18.10.99	N 64°48.11 W 021°28.07		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Rúst (fjós!)			1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Vegagerð	Lítill	Lélegt	1550-1900				Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið				Nei	Nei	-	

Legg og staðhættir

Á lágum hól eða hrygg í brekku, ca. 25 m A af þjóðvegi. Við túnjaðar fyrir neðan Dalsmynni.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst (fjós!).

Nánast alveg horfin v/túnræktar og vatnsveituf framkvæmda. Frá hólnum og upp að bænum gæti verið samfelld rústasvæði sem nú er að mestu leyti tún. Gamli bærinn stóð sunnan við bæinn og gætu hús hans hafa náð býsna langt í átt að fjósinu og fjósið jafnvel verið áfast á einhverju skeiði hans.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Rústin (fjósið!) gæti verið í hættu að óbreyttu. Ekki er líklegt að rannsóknar sé þörf, en sækja þarf um leyfi fornleifanefndar og fá álit Þjóðminjasafns, verði vegurinn lagður yfir rústina. Sé gamla bæjarstæðið í hættu þarf rannsókn.